49 21. Nefnd A.S.B. — félags afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum, Bók-
22. maí bindarafélags Íslands, Félags atvinnuflugmanna, Félagsins Skjaldborg, Prentmyndasmiðafélags Íslands, Sveinafélags húsgagnabólstrara, Mjólkurfræðingafélags Íslands, Félags ísl. hljómlistarmanna, Félags starfsfólks í veitingahúsum, Stéttarfélagsins Fóstru, Félags rakarsveina, Bakarasveinafélags Íslands, Félags garðyrkjumanna, Félags ísl. nuddkvenna, Flugvirkjafélags Íslands, Starfsstúlknafélagsins Sókn, Sveinafélags húsgagnasmiða, Þvottakvennafélagsins Freyja, Félags ísl. kjötiðnaðarmanna, Nót, sveinafélag netagerðarmanna, Félags sýningarmanna við kvikmyndahús og Flugfreyjufélags Íslands. Staðfest 22. maí 1958.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1958.*

F. h. r.
**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

50
22. maí

# AUGLÝSING
## um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum götum:

1. Hallveigarstíg sunnan megin götunnar.
2. Spítalastíg frá Þingholtsstræti að Bergstaðastræti beggja vegna götunnar og frá Bergsstaðastræti að Óðinsgötu norðan megin götunnar.
3. Skálholtsstíg frá Fríkirkjuvegi að Grundarstíg beggja vegna götunnar.
4. Bókhlöðustíg beggja vegna götunnar.
5. Þingholtsstræti frá Amtmannsstíg að Skálholtsstíg vestan megin götunnar og frá Bókhlöðustíg að Spítalastíg austan megin götunnar.
6. Laufásvegi frá Skothúsvegi að Bókhlöðustíg vestan megin götunnar.
7. Bergstaðastræti frá Spítalastíg að Baldursgötu vestan megin götunnar.
8. Bjargarstíg norðan megin götunnar.
9. Amtmannsstíg frá Lækjargötu að Skólastræti norðan megin götunnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. maí 1958.*

**Sigurjón Sigurðsson.**